

Samþykkt um styrki og afmælisgjafir til íþrótt- og tómstundafélaga – verklag og verkferill

Samþykktir þessar eiga við þegar íþróttafélög og tómstundafélög sem er með rekstrar- eða þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ eiga afmæli eða sækja um sérstaka styrki utan samninga. Í fylgiskjali 1 er listi yfir þessi félög sem eru með slíka samninga og skal hann uppfærast á hverju ári. Íþrótt- og tómstundafulltrúi afgreiðir mál í kringum afmæli og styrki í samræmi við það sem fram kemur í samþykkt þessari.

Hafnarfjarðarbær gefur íþrótt- og tómstundafélögum afmælisgjöf þegar viðkomandi félag á stórafmæli (tug-afmæli). Afmælisgjafir til íþrótt- og tómstundafélaga eru 100.000 kr. að grunnupphæð að verðmæti árið 2017 fyrir að 40 árum. Fyrir 50 ára afmæli og hvern tug eftir það bætist við 50.000 kr. Heimild er að umbreyta pening í gjöf ef vissa er fyrir því að viðkomandi gjöf muni nýtast félaginu. Íþrótt- og tómstundafulltrúi skal kynna málið fyrir Íþrótt- og tómstundanefnd hverju sinni.

Umsóknir um styrki umfram 50.000 kr. skal leggja fyrir ÍTH nefndina sem afgreiðir þá. Tryggja skal að heimildir séu fyrir útgjöldum, hvort sem um styrk eða afmælisgjöf sé að ræða í fjárhagsáætlun hverju sinni annars skal sækja um viðbótarfjármagn með viðauka eða í næstu fjárhagsáætlun ef styrkurinn/gjöfin er á því ári.

Fulltrúi ÍTH, bæjarstjóri og/eða íþróttafulltrúi mætir fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar í afmælishóf og afhendir gjöf Hafnarfjarðarbæjar ásamt blómvendi.

Íþróttafélög í hópíþróttum sem eru í ÍBH og verða Íslands-, deildar- eða bikarmeistarar í efstu deild efsta flokks fá um áramót 400.000 kr. sem afhendist á Viðurkenningahátíð Hafnarfjarðarbæjar. Hver deild, í kvenna- og karlaflokki getur mest þrisvar sinnum á ári fengið þennan styrk.

Meistaraflokkur í hópíþrótt sem tekur þátt í Evrópukeppni fær styrk vegna verkefnisins; 400.000 kr. fyrir hverja umferð.

Komist meistaraflokkur í hópíþrótt í bikarúrslitaleik er heimilt að kaupa af viðkomandi íþróttafélagi auglýsingu fyrir Hafnarfjarðarbæ eða styrkja viðkomandi félag fyrir allt að 350.000 kr.

Íþróttakarl og íþróttakona Hafnarfjarðar eru valin á viðurkenningarhátíð um áramót ár hvert. Þar afhentir Hafnarfjarðarbær þeim hvort um sig 500.000 kr. í viðurkenningarstyrk. Gegn móttöku styrksins skuldbinda íþróttakarl og kona sig til að koma fram allt að tvisvar sinnum næsta ár á atburði á vegum Hafnarfjarðarbæjar og taka þátt í einu öðru verkefni á vegum Hafnarfjarðarbæjar eins og myndatöku, viðtali eða heimsókn til ungs fólks.

Samþykkt í Íþróttá- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar þann 26.. september 2023 og 3. október í fræðsluráði.